

<b>Dags eftirlits</b>	15.3.2016	<b>Fulltrúi UST</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Íslenska gámafélagið	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Gufunesvegi	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	470597-2289	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Birgir Kristjánsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.22.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	363053,302 408634,682

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram fimm frávík frá starfsleyfi varðandi merkingar, geymslu, flutningsumbúðir, umgengni og meðhöndlun spilliefna. Einnig voru gerðar tvær athugasemdir, annars vegar varðandi að grænu bókhaldi var ekki skilað á réttum tíma og hins vegar við ónýta bíla sem stóðu á plani með ófullnægjandi lekavörn.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Einnig var minnt á að sækja þarf um endurnýjun starfsleyfis í tíma en núgildandi leyfi rennur út þann 1. nóvember 2017.

Engin óhöpp eða slys hafa orðið í spilliefnamóttökunni frá síðasta eftirliti og ekki hafa borist kvartanir til eftirlitsaðila né Heilbrigðisnefndar vegna starfseminnar.

Engar breytingar eru fyrirhugaðar á rekstrinum en þó gæti hugsanlega orðið af flutningum starfseminnar vegna breytinga á eignarhaldi lóðarinnar. Bent var á að huga að því við gerð nýs starfsleyfis.

Skv. gr. 2.8 í starfsleyfi ber að vera með læst öryggisherbergi fyrir sprengifim efni og meðhöndlun mjög hættulegra spilliefna. Öryggisherbergi er ekki til staðar en þess í stað er læstur og loftræstur skápur til staðar inni í spilliefna aðstöðunni í húsi nr. 5.

Gengið var um svæðið. Handskrifaðar merkingar voru á veggnum aftan við spilliefnakörin en körin sjálf voru ekki merkt. Pokar eru settir ofan í körin og sjást merkingar því illa og að sögn rekstraraðila eru þau því ekki merkt. Fyrir utan stóð olímengaður úrgangur í brotnum plastkörum, óvarinn fyrir vatni og vindum og mátti greina olíuleka á planinu. Mól var á plani og það því ekki olíuhelt. Einnig stóðu tunnur á opnum brettum, engin lekavörn var undir þeim. 1000L plast tankar stóðu einnig á plani, en engin lekavörn var undir þeim og mátti greina smit frá þeim út á planið.

Raftæki stóðu í opnum körum, óvarin fyrir regni. Brotin sjónvörp og tölvuáhlutir lágu á plani, óvarin fyrir regni.

Rafgeymum er staflað á bretti inni í húsi við hlið spilliefnahússins, en engin lekabytta er undir þeim. Einnig voru rafgeyar á beru gólfinu og flaut vatn þar um kring. Spilliefnakör sem tilbúin eru til flutnings í eyðingu voru flest ómerkt. Rekstraraðili biður eftirlitsaðila um nánari lýsingu og leiðbeiningu á merkingu keranna. Eftirlitsaðili benti á að æskilegt væri að hafa ísogsefni í þessu húsi sem og húsi nr. 5.

Raftæki voru flokkuð í húsi nr. 10.

### Frávík frá

Gr. 8.1 í reglugerð 806/1999

### Lýsing á frávíki

Merkingar á umbúðum til flutninga var ábótavant. Skv. 8. gr. reglugerðar 806/1999 skulu koma fram upplýsingar um hættulega eiginleika, efnaflokka og magn úrgangs. Þær upplýsingar voru ekki sýnilegar á flutningskerum spilliefnanna.

Gr. 4.3 í starfsleyfi

Sjónvörp og brotinn rafbúnaður lá á plani og í brotnum kerum, óvarið fyrir veðrum og vætu. Olíutunnur með ókunnu innihaldi stóðu á brettum án lekabyttna, olíukent efni lak úr plastkari og niður í malarplan og bæta má skipulag og umgengni á svæðinu. Skv. gr. 4.3 í starfsleyfi skal halda athafnasvæði fyrirtækisins snyrtilegu og fara skal þannig með allan úrgang, við alla meðferð, að trygg sé að hann valdi hvergi óþrífnaði eða ónæði.

Gr. 8.1 í reglugerð 806/1999

Í gr. 8.1 í reglugerðinni um spilliefni kemur fram að eingöngu skuli nota traustar umbúðir sem henta viðkomandi efnum. Spilliefni, tilbúin til flutnings voru geymd í plastkerum með árekstrarvörn og klædd plastpoka að innan. Kerin eru ekki vökvaheld og vantaði tappa í sum þeirra. Ef rof kemur á pokann þá á vökví greiða leið út úr kerunum. Bent er á að notast skuli við viðurkennd flutningsker fyrir spilliefni.

Gr. 8.1 í reglugerð 806/1999

Rafgeymar stóðu á trébretti án lekabyttu, í skemmu, merkt nr. 7. Vísað er í bréf frá Umhverfisstofnun frá 20. desember 2013 þar sem rekstraraðila er veitt undanþága frá ákvæði gr. 2.5 í starfsleyfi og ekki krafist söfnunarþróar í spilliefnarymi þar sem engin fráveita sé til staðar en skilyrði eru fyrir því að spilliefni séu ávallt geymd í lekaheldum körum. Rafgeymarnir voru ekki innan spilliefnaaðstöðunnar í húsi nr. 5 og ekki í lekaheldum

Gr. 8.1 í reglugerð 806/1999

Í skemmu nr. 7 var einnig að finna spilliefni í trékössum án lekavarna og engin ísogsefni voru til staðar í því húsi. Fráveita hússins er ekki tengd söfnunarþró og vatn átti greiða leið inn og út úr húsinu þar sem engin lekavörn var við dyr skemmunnar.

## ATHUGASEMDIR

Gerð er athugasemd við að Grænu bókhaldi var skilað of seint, eða í október en skiladagur þess er 1. maí ár hvert.

Einnig er gerð athugasemd við stöðu 6 ónýtra bíla sem standa á plani við hús nr. 8. Þeir eru ekki á vegum rekstraraðila en planið er á ábyrgð hans og bent er á að það er aðeins að hluta til malbikað/steypt og því ekki olíuhelt. En skv. gr. 2.5 í starfsleyfi skal fráveita frá húsum og plönum þar sem spilliefni eru meðhöndluð eða geymd, vera lokuð.

## ANNAÐ

Minnt var á að halda skal samráðsfund í tengslum við næsta eftirlit og skal rekstraraðili boða til þess fundar.

Engin fráveita er frá spilliefnamóttökunni og því hefur rekstraraðili fengið undanþágu vegna gr. 2.5 og 2.6 í starfsleyfi, með bréfi frá Umhverfisstofnun þann 19. mars 2015. Gólf starfstöðvarinnar er lekahelt og rúmar um 2,5 m<sup>3</sup>. Spilliefnin skal geyma í lekaheldum körum, að hámarki 1.000L að stærð og einungis skal vinna raf- og rafeindatækjaúrgang sem inniheldur getur spilliefni í húsi nr. 5 á athafnasvæðinu. Raf- og rafeindatækjaúrgangur sem tryggt er að inniheldur ekki spilliefni á vökvaformi er heimilt að meðhöndla í húsi nr. 10 á athafnasvæðinu.

Rekstraraðili er með ISO 14001 umhverfsvottun.

Rekstraraðili óskaði eftir upplýsingum varðandi skilgreiningu á gr. 1.2 í starfsleyfi, varðandi útreikning á magni spilliefna.

Rekstraraðili óskaði einnig eftir upplýsingum um það hvernig skuli merkja spilliefnakörin. Þessar upplýsingar voru sendar með lokaskýrslu eftirlits til rekstraraðila þann 27. apríl sl. og einnig með tölvupósti sama dag.

Viðstaddur eftirlitið var Ásgeir Björnsson frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Reykjavík, 21.03.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir